

## 2018050294 Brekkuskóli – hugmyndir frá nemendum

Erindi, ódagsett, frá nemendum í 7. og 8. bekk í Brekkuskóla þar sem þau koma á framfæri hugmyndum sínum um hvað ný bæjarstjórn gæti bætt fyrir krakka og unglunga á Akureyri á nýju kjörtímabili. Erindið barst 31. maí 2018.

### Endurritað úr innskönnuðu erindi:

Hvað á nýja bæjarstjórnin að bæta fyrir krakka og unglunga á Akureyri á þessu kjörtímabili?

- Fá nýja stóla í Brekkuskóla:  
Stólarnir í Brekkuskóla eru harðir með of stutt bak þannig að maður fær bak- og rófubeinsvandamál. Það þyrfti að kaupa nýja stóla í skólann. Best væri að fá stóla með háu net-baki og/eða púða til að sitja á. Sessurnar sem nú eru til eru lélegar og of fáar.
- Bæta strætókerfið:  
Íþróttir og aðrar tómsundurir sem krakkar eru í taka of mikinn tíma af deginum, sérstaklega ef maður býr langt frá skóla. Strætókerfið er ekki nógu gott, þar sem strætó kemur bara á klukkutíma fresti. Þannig að ferðir milli skóla, heimilis og íþróttahúsa taka of langan tíma.
- Okkur strákunum og örugglega öllum á Akureyri sem eru á hjólabrettum eða hlaupahjólum finnst að það ætti að koma einhverskonar hjólabrettagarður til Akureyrar. Það væri hægt að gera hjólabrettafélag og þá myndu vera æfingar í innparkinu á veturna og um sumrin á einhverjum hjólabrettagarði.  
Okkur langar líka í innigarð því að það er ekkert hægt að fara á hjólabretti á veturna, en í Reykjavík er það hægt því að það eru innigarðar þar. 😊
- Ekki moka snjó upp á gangstéttir.
- Auka gæði á skólamat.
- Minnka kostnað á kortum í Hlíðarfjall.
- Okkur finnst vanta Skólahreystibraut í bæinn. Það væri best að setja brautina í Kjarnaskóg eða á Hamra. Þá þurfið þið ekki að velja á milli skóla.
- Það þarf hærri laun í vinnuskólann. Þið gætuð líka lengt tímann sem við erum í vinnuskólanum. Það væri fínt ef þið mynduð kannski finna fleiri valkosti í vinnuskólanum, fara að þrifa hús eða eitthvað slíkt.
- Við viljum að nýja bæjarstjórnin geri upp skólalóðina vegna þess að það er allt gamalt og við erum fjölmennasti skólinn en við höfum verstu skólalóðina. Það væri betra ef að það væri fjölbreyttara, t.d. skólalóðin í Glerárskóla er eins og okkar nema stærri klifurgrind og það eru alvöru pönnu vellir ekki einhverjir sem eru búnir til. Það mætti líka minnka bílastæðið hjá sundlauginni og setja leiktæki þar.
- Í skólastofunum eru stólar sem eru ekki mjög þægilegir vegna þess að þeir hafa ekki sessur og þær sem eru til gera ekkert nema ef þú setur 5 eða 6 sessur á stólinn. Þeir eru heldur ekki á hjólum og það væri þægilegra þegar við erum að færa þá um stofuna eða í aðrar stofur. Þeir eru líka með bogið bak sem [er] rosalega óþægilegt.
- Bæta skólamötuneyti.

- Hafa matinn hollan, ódýrari/ókeypis, spennandi og meira val, til dæmis grænmetisrétt eða salatbar.
- Fleiri tólmstundir sem ekki tengjast íþróttum, og ódýrari, til dæmis leiklist og myndlist.
- Hafa Hlíðarfjall opið lengur á daginn og fram á vorið þegar gott skíðafæri er.
- Tæknivæða nám og aukið fjár[fram]lag til skóla.
- Á næsta kjörtímabili viljum við að þið vinnið í því að krakkar í grunnskólum fái frían mat í skólanum af því það hafa ekki allir efni á mat og það er leiðinlegt fyrir þá krakka að þurfa að horfa á aðra borða.
- Við viljum líka að þið lagið fótboltavöllinn í Brekkuskóla af því við höfum oft þurft að hlaupa fyrir bíla niður gilið að ná í boltann og við viljum ekki að komandi kynslóð þurfi að gera það sama.
- Mér finnst að það ætti að hita skólana meira á veturna.
- Ég vil fá meiri fjölbreytni í vali.
- Stækka skautahöllina.
- Byggja fleiri leikvelli.
- Byggja Mcdonalds.
- Við viljum að allir krakkar sem eru 12 mánaða og eldri komist á leikskóla.
- Við viljum að það komi fleiri umferðarljós fyrir gangandi vegfarendur. Þá koma færri slys.
- Við myndum endilega vilja hafa styttri skólatíma og fyrir litlu krakkana myndum við vilja hafa meira af leiktækjum.
- Betri tölvuaðstöðu fyrir skóla.
- Gott inni skatepark fyrir hlaupahjól.
- Við viljum að það sé lengur opið í sundi, sérstaklega á sumrin.
- Við viljum líka að reglan um að reiðhjól séu bönnuð í strætó sé tekin til baka.
- Við viljum fá fjölbreyttari mat í skólana.
- Við viljum fá frítt net í skólana.
- Að [mega] eiga fleiri en þrjá ketti og hunda.
- Frítt í sund.
- Kosta minna í bíó.
- Láta skólann byrja klukkan 08:15.
- Styrkja langveik börn og langveikt fólk.
- Gera leikvelli stærri og betri/öruggari fyrir börn.
- Frían mat.
- Betri mat.